

FYLGISKJAL

við samkomulag iðnaðarráðuneytis og sjávarútvegsráðuneytis dags. 7. mars 2006 um verkefni á sviði sjávarútvegs tengd byggðaáætlun

Samkomulag er um að ráðuneytin komi sameiginlega að tveim verkefnum á Sauðárkróki á árinu 2006. Verkefnin eru annarsvegar próteinframleiðsla, sem unnið er að af fyrirtækinu Iceprotein ehf, sem er félag í eigu Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins. Um er að ræða þróun, framleiðslu og sölu á blautpróteini fyrir fiskiðnað á Íslandi og þurrkuð prótein fyrir heilsu- og fæðubótarmarkaðinn. Hitt verkefnið á Sauðárkróki er samningur milli Hólaskóla, Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins, FISK- Seafood, Stofnun fræðasetra Háskóla Íslands og Háskólans á Akureyri um að efla rannsóknir, þróun og menntun á sviði raunvísinda, náttúruvísinda, fiskeldis, fiska-, sjávar-, og vatnalíffræði og matvælavinnslu. Þessi verkefni fá samtals 15,6 m.kr. á árinu 2006, þar af eru 6,8 m.kr. af fjárveitingu iðnaðarráðuneytis vegna byggðaáætlunar. Sjávarútvegsráðuneytið mun leggja 8,8 m.kr. til verkefnanna. Ljóst er að meira fé þarf á næstu árum til uppbyggingar þessara verkefna og er í því sambandi haft í huga áframhaldandi samstarf aðila, samþykki Alþingi byggðaáætlun fyrir árin 2006 - 2009

1. Proteínframleiðsla á Sauðárkróki.

Iceprotein ehf, er félag í eigu Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins. Félagið er þróunar-, framleiðslu- og markaðsfyrirtæki sem þróar, framleiðir og mun selja blautprótein fyrir fiskiðnað á Íslandi og þurrkuð prótein fyrir heilsu- og fæðubótarmarkaðinn. Félagið hefur starfað á Akranesi í samstarfi við HB-Granda sem hefur dregið sig út úr samstarfinu. Húsnæði á Akranesi er ófullnægjandi og þarf því að flytja verksmiðjuna þaðan. Lagt er til að fyrirtækið verði flutt til Sauðárkróks og hefji samstarf við FISK-Seafood hf, sem yrði samstarfsaðili í stað HB-Granda. Gert er ráð fyrir að fyrsta árið starfi einn starfsmaður við fyrirtækið á Sauðárkróki ásamt nemendum í framhaldsverkefnum og starfsmönnum frá FISK-Seafood. Þess má geta að ALFA- LAVAL þýskur tækjaframleiðandi leggur til hluta tækja án þess að vera eignaraðili gegn því að fá að fylgjast með þróunarverkefninu.

Að loknum aðlögunartíma sem áætlaður er eitt ár má gera ráð fyrir að 5 - 10 starfsmenn geti unnið við verksmiðjuna. Jafnframt er þá gert ráð fyrir að hluthafahópurinn breytist og FISK-Seafood komi inn sem hluthafi. Gangi áætlanir eftir mun framleiðsla á proteini fara fram í þessari verksmiðju.

Iðnaðarráðuneytið leggur til 4,8 m.kr. af fé byggðaáætlunar og sjávarútvegsráðuneytið 4,8 m.kr. Alls 9,6 m.kr.

2. Samstarf Hólaskóla, Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins o.fl.

Hólaskóli, FISK- Seafood, Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins (Rf), Stofnun fræðasetra Háskóla Íslands (HÍ) og Háskólinn á Akureyri (HA) hafa gert með sér samning um verkefni sem fjallar um uppbyggingu, rekstur og nýtingu á Þróunarsetri Hólaskóla sem staðsett er á Háeyri 1, við höfnina á Sauðárkróki. Með samningi þessum vilja aðilar vinna saman við að efla rannsóknir, þróun og menntun á sviði raunvísinda, náttúruvísinda, fiskeldis, fiska-, sjávar- og vatnalíffræði og matvælavinnslu.

Nýja aðstaðan skapar möguleika til enn frekari þróunar á samstarfi ofnagreindra aðila. Það eru sameiginlegir hagsmunir þeirra að samnýta aðstöðuna til að efla sértæka starfsemi sína og stuðla þannig m.a. að aukinni þekkingarstarfsemi á landsbyggðinni. Í Þróunarsetri Hólaskóla á Sauðárkróki er nú góð aðstaða til kennslu og rannsókna í fiskeldi og þar fer fram nær öll kennsla við Fiskeldis- og fiskalíffræðideild Hólaskóla. Rannsókn- og kennsluhús Hólaskóla, sem hýsir Þróunarsetrið er um 1.525 fm. Það skiptist í þrjá meginhluta: skrifstofurými, rannsókn- og kennslustofur og eldisaðstöðu. FISK- Seafood á húsið, en fyrirtækið og Hólaskóli hafa kostað viðgerðir og innréttingu á því.

Ein meginforsenda samstarfsins er að með því skapast aðstæður til þess að útvíkka það, bjóða fleiri aðilum til samstarfsins og efla þannig menntun, rannsóknar- og þróunarstörf á landsbyggðinni.

Ákveðið hefur verið að ráða rekstrarstjóra að Þróunarsetri Hólaskóla á Sauðárkróki. Starfsvið hans verður að hafa umsjón með rekstri Þróunarsetursins á Sauðárkróki og bera ábyrgð á honum gagnvart stjórn setursins og Hólaskóla. Rekstrarstjórinn mun taka þátt í frekari uppbyggingu Þróunarsetursins með þátttöku í gerð kynningaráætlana, eflingu tengsla á milli atvinnulífs, skóla og rannsóknastofnana og hafa umsjón með samningum við aðila sem nýta aðstöðuna eða koma að frekari uppbyggingu setursins.

Iðnaðarráðuneytið leggur til 2,0 m.kr. af fé byggðaáætlunar og sjávarútvegsráðuneytið 4,0 m.kr. Alls 6 m.kr.